

**GUÐSPJÓNUSTA Í ALÞJÓÐLEGRI SAMKIRKJULEGRI BÆNAVIKU
FYRIR EINGU KRISTNINNAR**

Sunnudagur 21. janúar 2018

Hægri hönd þín, Drottinn, hefur gert sig dýrlega með afli

2Mós 15.6

P Prestur
S Söfnuður
L Lesari

Inngöngusálmur: Kom lát oss syngja söng

Sálmur 880

Þau sem leiða stundina ganga inn. Eitt þeirra heldur á Biblíu sem er lögð á sýnilega stað í rýminu og notuð til að lesa ritningarlestrana.

UPPHAFSÁVARP

P Náðin Drottins Jesú Krists, kærleiki Guðs og samfélag heilags anda sé með yður öllum (2Kor 13.13).

S Og með þér.

P Kæru vinir í Kristi. Við sem erum komin hér saman til að biðja fyrir einingu þökkum Guði fyrir okkar kristnu arfleifð og fyrir þá frelsun og björgun sem við sjáum í verki Guðs í mankynssögunni.

Efni bænavíku fyrir einingu kristninnar kemur að þessu sinni frá kirkjum í Karabíska hafinu. Saga kristninnar á því svæði inniheldur ákveðna þversögn. Annars vegar notuðu nýlenduherrarnir Biblíuna til að réttlæta undirokun upprunalegra íbúa landanna og þeirra sem voru flutt nauðug frá Afríku, Indlandi og Kína. Mörgum var útrýmt, fólk var hlekkjað og hneppt í þrældóm og þjáð undir ranglátum vinnuaðstæðum. Hins vegar varð Biblían uppspretta huggunar og frelsunar fyrir mörg þeirra sem þjáðust undir valdi nýlenduherranna.

Í dag er Biblían áfram uppspretta huggunar og frelsunar, hvati kristnu fólki á karabíska svæðinu til að takast á við þær aðstæður sem um þessar mundir gera lítið úr mannlegri reisn og lífsgæðum. Um leið og járnhlekkir þrælkunar falla af höndum okkar verður til nýtt band kærleika og samfélags í fjölskyldu mannkyns, band sem tjáir eininguna sem við biðjum um sem kristin samfélög.

BÆN UM SÁTTARGJÖRÐ

P Við höfum ekki fengið anda sem hneppir í þrældóm og leiðir aftur til hræðslu (Róm 8.15). Biðjum Guð um miskunn í fullu trausti til frelsandi máttar hægri handar Guðs.

Þrjár manneskjur sem halda á hlekkjum ganga fram. Eftir hverja bæn og svar eru hlekkir látnir falla í gólfið, einn af öðrum.

P Frelsaðu okkur, Guð, frá kerfum sem grafa undan mannlegri reisn og byggja undir nýjar gerðir þrælkunar. *Kyrie eleison.*

S Kyrie eleison. Sálmur 739

P Frelsaðu okkur, Guð, frá ákvörðunum og verkum sem fjötra meðbræður okkar og systur í fátækt, jaðarsetja þau eða mismuna þeim. *Kyrie eleison.*

S Kyrie eleison. Sálmur 739

P Frelsaðu okkur, Guð, frá ótta og tortryggni sem aðskilur okkur hvert frá öðru og takmarkar von og lækningu. *Kyrie eleison.*

S Kyrie eleison. Sálmur 739

ÁKALL TIL HEILAGS ANDA

P Með kristna fólkinu á karabíska svæðinu áköllum við heilagan anda um að gera hjörtu okkar brennandi í bæninni um einingu kirkjunnar. Tengdu okkur saman bandi einingarinnar.

S Kom, helgur andi.

P Kenndu okkur að biðja.

S Kom, helgur andi.

P Frelsaðu okkur úr fjötrum syndarinnar.

S Kom, helgur andi.

P Hjálpaðu okkur í veikleika okkar.

S Kom, helgur andi.

P Reistu okkur við sem börnin þín.

Sálmur: Enginn þarf að óttast síður

Sálmur 505

RITNINGARLESTUR

P Leys okkur undan kúgun manna, *Davíðssálmur 119.134-135*

S að við megum halda fyrirmæli þín.

P Lát ásjónu þín lýsa yfir þjóna þína,

S Og kenn okkur lög þín.

L Fyrri ritningarlestur er úr fimmtánda kafla annarrar Mósebókar

2Mós 15.1-12 2Mós 15.13-19 2Mós 15.20-21

Lestrunum lýkur með orðunum: Hlustið og þið munuð verða frjáls.

S Guði sé þakkargjörð.

SAMLESTUR

Davíðssálmur 118.1, 5-7, 13-24

**S Þakkið Drottni því að hann er góður,
því að miskunn hans varir að eilífu.**

L Í þrengingunni ákallaði ég Drottin,
hann bænheyrði mig og rýmkaði um mig.
Drottinn er með mér, ég óttast eigi,
hvað geta menn gert mér?
Drottinn er með mér, hann hjálpar mér
og ég get hlakkað yfir hatursmönnum mínum.

**S Þakkið Drottni því að hann er góður,
því að miskunn hans varir að eilífu.**

L Mér var hrint og var nærri fallinu
en Drottinn veitti mér lið.
Drottinn er styrkur minn og lofsöngur,
hann varð mér til hjálpræðis.
Fagnaðar- og siguróp kveða við í tjöldum réttlátra:

**S Þakkið Drottni því að hann er góður,
því að miskunn hans varir að eilífu.**

L „Hægri hönd Drottins vinnur máttarverk,
hægri hönd Drottins er upphafin,
hægri hönd Drottins vinnur stórvirki.“
Ég mun eigi deyja heldur lifa
og kunngjöra dáðir Drottins. [...]

**S Þakkið Drottni því að hann er góður,
því að miskunn hans varir að eilífu.**

L Ljúkið upp fyrir mér hliðum réttlætisins
að ég megi ganga inn um þau og lofa Drottin.
Þetta er hlið Drottins,
réttlátir ganga þar inn.

**S Þakkið Drottni því að hann er góður,
því að miskunn hans varir að eilífu.**

L Ég þakka þér að þú bænheyrðir mig
og komst mér til hjálpar. [...]
Að tilhlutan Drottins er þetta orðið,
það er dásamlegt í augum vorum.
Þetta er dagurinn sem Drottinn gerði,
fögnum og verum glaðir á honum.

**S Þakkið Drottni því að hann er góður,
því að miskunn hans varir að eilífu.**

L Síðari ritningarlesturinn er úr áttunda kafla Rómverjabréfsins.
Róm. 8.12-17 Róm. 8.18-27

Lestrinum lýkur með orðunum: Hlustið og þið munuð verða frjáls.

S Dýrð sé þér, Drottinn.

Lofgjörðarsálmur: Lofa, sál mín, lofa Drottin

Sálmur 734

Guðspjall: Mark 5.21-43

Lestrinum lýkur með orðunum: Hlustið og þið munuð verða frjáls.

S Lof sé þér, Kristur.

P Játum okkar sameiginlegu trú með orðum Postullegu trúarjátningarinnar

S Ég trúi á Guð...

Tónlist (til dæmis syngi kórinn sálm sem fylgir efninu, ath. þýðingu).

Prédikun

Samskot kynnt, renna til Hins íslenska biblíufélags

Sálmur: Þú, mikli Guð, ert með oss

Sálmur 22

FYRIRBÆNIR – ALMENN KIRKJUBÆN

P Við þökkum fyrir frelsun úr greipum syndarinnar og berum bænarefni
okkar fram fyrir Guð. Við biðjum Guð um að rjúfa hlekkina sem fjötra
okkur og tengja okkur þess í stað saman með bandi kærleika og
samfélags.

Um leið og hver fyrirbiðjandi hefur beðið tekur hún/hann í hönd þess sem næst stendur og þannig myndast keðja um kirkjuna.

L1 Guð brottfararinnar úr þrælahúsinu, þú sem leiddir fólkið þitt í gegn um Rauðahafið og frelsaðir þau. Vertu með okkur á þessari stundu og frelsaðu okkur frá öllum gerðum þrælahalda og frá öllu því sem bregður skugga á mannlega reisn.

S Legg hendur yfir okkur, Drottinn, að við læknumst og lifum.

L2 Guð gnægta, þú mætir hverri þörf okkar í gæsku þinni. Vertu með okkur á þessari stundu og hjálpaðu okkur að hefja okkur yfir sjálfselsku og græðgi. Gefðu okkur hugrekki til að vera boðberar réttlætis í heiminum.

S Legg hendur yfir okkur, Drottinn, að við læknumst og lifum.

L3 Guð kærleikans, þú skapaðir okkur í þinni mynd og hefur frelsað okkur í Kristi. Vertu með okkur á þessari stundu, gefðu okkur kraft til að elska náunga okkar og bjóða aðkomufólk velkomið.

S Legg hendur yfir okkur, Drottinn, að við læknumst og lifum.

L4 Guð friðarins, þú sýnir sáttmála þínum við okkur trúfesti jafnvel þegar við höfum vikið frá þér og hefur sætt okkur við þig í Kristi. Vertu með okkur á þessari stundu og gefðu okkur nýjan anda og nýtt hjarta að við getum hafnað ofbeldi og verið þess í stað verkfæri friðar þíns.

S Legg hendur yfir okkur, Drottinn, að við læknumst og lifum.

L5 Guð dýrðarinnar, þú sem átt allan mátt en kaust að verða hluti af fjölskyldu mannkyns í Jesú Kristi og gerir okkur að börnum þínum í vatni skírnarinnar. Vertu með okkur á þessari stundu og hjálpaðu okkur að varðveita trúnað við fjölskyldu okkar og samfélagslega ábyrgð. Styrktu böndin við systkini okkar í Kristi.

S Legg hendur yfir okkur, Drottinn, að við læknumst og lifum.

L6 Guð, eining sönn í þrennum greinum, þú hefur gert okkur eitt í þér og við hvert annað. Vertu með okkur á þessari stundu og frelsaðu okkur með kraftir og huggun heilags anda frá sjálfmiðlægni, hroka og ótta sem hindrar okkur í að leita fullrar sýnilegrar einingar kirkju þinnar.

S Legg hendur yfir okkur, Drottinn, að við læknumst og lifum.

P Friður Guðs sé með ykkur öllum.

S Og með þínum anda.

Við óskum hvert öðru friðar Guðs með því að segja: Friður sé með þér.

P Hönd í hönd, bundin engum fjötrum heldur kærleika Krists sem hefur streymt inn í hjörtu okkar, biðjum við saman bænina sem Jesús kenndi.

S **Faðir vor...**

Bænasálmur: Góði Guð er ég bið

Sálmur 912

BLESSUN OG SENDING

P Við förum héðan í krafti heilags anda, endurleyst með hægri hönd Guðs og sameinuð í einum líkama Krists.

S **Andi Guðs er yfir okkur
af því að Guð hefur smurt okkur
og sendir okkur til að flytja fátækum gleðilegan boðskap,
boða bandingjum lausn
og blindum sýn,
láta þjáða lausa
og kunngjöra náðarár Drottins.
Amen. Hallejúja.**

Útgöngusálmur: Drottinn, Guðs sonur

Sálmur 711